

verða, og samprófa menn nákvæmlega. Svo skal dómarrinn og afla allra þeirra frekari gagna, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla ofangreindra skýrslna og gagna svo fljótt sem verða má.

Föstudaginn 10. marz 1939.

Nr. 51/1938. Réttvísinn og valdstjórnin

(Theodór B. Línal)

gegn

Jóhanni S. Lárussyni og Guðmundi

Lárussyni (Jón Ásbjörnsson).

Ákæra fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaga og lögum um lækningaleyfi o. fl. nr. 47 frá 1932. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, hafa aðgerðir hinna ákærðu við þá vanheilu menn, sem til þeirra hafa leitað, verið fólgnar í bænagerð fyrir þeim og alltoft í snertingu á hendi sjúklings eða á þeim stað líkamans, þar sem sjúklingur kenndi sér sérstaklega meins. Með þessum hætti telja allmargir sig hafa fengið fulla eða nokkra bót meina sinna. Verða hinir ákærðu ekki taldir hafa með áðurnefndum aðgerðum gerzt sekir við ákvæði laga nr. 47/1932.

Það er ekki sannað í málinu, að hinir ákærðu hafi aftrað nokkrum manni læknisleitunar, né að þeir hafi brotið sóttvarnafyrirmæli eða valdið nokkrum tjóni með framangreindum aðgerðum sínum. Ekki er heldur nokkur ástæða til að ætla annað, en að þeir hafi haft fulla trú á því, að þeir mætti með ofanefndum hætti vinna sjúkum mönnum meina-bót, og hafa þeir því ekki gerzt sekir við 26. kap. hegningarlaganna með því að taka þóknun fyrir aðgerðir sínar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma á hendur ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ríkissjóður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Jóns Ásbjörnssonar 200 krónur til hvors.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar í ofangreindu máli.

Í máli þessu er sannað með eigin skýrslum ákærðu, er styðjast við aðrar upplýsingar, er fram hafa komið, að þeir hafa stundað að staðaldri starfsemi þá, sem þeim er gefin sök á, frá því á árinu 1934 og til þess er mál þetta var höfðað þann 5. nóv. 1937. Samkvæmt prófum málsins nefna ákærðu sjálfir starfsemi þessa lækningar eða læk-

ingastarfsemi og hið sama gera sjúklingar þeir, er í málinu hafa borið og notið hafa aðgerða þeirra. Hinir ákærðu hafa ekki lækningaleyfi, kveða sig vera ófróða um sjúkdómafræði og ekki kunna skil á sjúkdómsgreiningum. Virðast þeir taka sjúklinga til meðferðar án sérstakrar rannsóknar á sjúkdómum þeirra og ekki vísa neinum sjúklingi frá vegna þess, hvernig sjúkdómi hans er háttað. Þeir kveðast ekkert gjald hafa tekið fyrir starfsemi þessa eftir að rannsókn í máli þessu hófst í októbermánuði 1935, en áður hafi þeir stundum tekið við gjaldi, eins og frá er skýrt í héraðsdóminum.

Ákærði Guðmundur, sem fyrr þeirra bræðra kom fyrir rétt, lýsir lækningaaðferð þeirra á þá leið, að þeir leggi hendur á þann stað á sjúklingnum, sem hann kvarti yfir, að sjúkleikinn sé í, og biðji jafnframt til guðs um, að hann veiti þeim og læknafélaginu „Friðrik“, er sé samfélag framlíðinna manna, lækningakraft til að bæta mein sjúklingsins. Ákærði Jóhann lýsir aðferðinni á sama hátt. Virðist hver aðgerð oft vara um 20 mínútur. Fyrir sambandi sínu við lækningafélagið „Friðrik“ gerir Jóhann þá grein, að „ýmist sér hann eins og letrað á blað fyrirskipanir þess og ráðleggingar eða hann heyrir þær, og stundum koma þær fram í huga hans, án þess að um heyrn sé að ræða, heldur eins og hugboð eða hugskeyti, og sér hann þá lækna, er með honum starfa, hjá sér.“

Áhrifum þessara aðgerða á líkama sjúklinganna, meðan á tilrauninni stendur, lýsa bræðurnir þannig, að líkast sé því, að rafmagnsstraum eða „diathermi-straum“ leggi um líkama sjúklingsins. Að vísu finni ekki allir þennan straum, en á suma verki hann svo mjög, að hann valdi hjá þeim snöggum hreyfing-

um, er séu reglubundnar og í ákveðnu kerfi, líkt og leikfimi-hreyfingar. Komi þetta einkum fram hjá yngra fólki, sem sé með liðagigt. Þá hafa alls 9 sjúklingar, sem notið höfðu aðgerða þeirra bræðra, verið krafðir vitnisburðar í málinu. Kveðast 8 þeirra hafa fundið straumáhrif og einn kveðst hafa fengið ósjálfráðar hreyfingar, meðan á tilraun stóð. Ákærði Guðmundur, sem þeir bræður kveða hafa verið þjálfaðan til þessarar starfsemi „gegnum“ ákærða Jóhann, heldur því fram, að hann hafi orðið fyrir því, sem hann nefnir „straumtruflun“, er lýsi sér í „snöggum, ósjálfráðum hreyfingum og kippum í líkamanum“. Ákærði Jóhann segir hinsvegar, að mikið hafi borið á straumnum í Guðmundi, en það sé rangt, að það hafi verið straumtruflun eða „tryllingsstraumur“, er hann nefnir svo. Eitt vitni hefir haldið því fram, að það hafi orðið fyrir „straumtruflun“, er hafi lýst sér í megnri vanlíðan, taugatitringi og vöðvasamdrætti.

Í 1. gr. laga nr. 47 1932, um lækningaleyfi o. fl., segir, að rétt til að stunda lækningar hér á landi hafi þeir einir, sem til þess hafa fengið leyfi ráðherra. Starfsemi hinna ákærðu, sem lýst er hér að framan, verður að telja lækningastarfsemi í merkingu nefndra laga. Fólk leitar lækninga hjá þeim í þeirri trú, að þeir séu gæddir sérhæfileika til þess starfs, og þeir veita sjúklingunum viðtöku og viðhafa líkamlegar aðgerðir, sem vekja viðbrigði, hreyfingar og kippi, í líkama sjúklinganna. Eins og ákærðu hafa hagað starfsemi sinni, er og hætta á því, að þeir geti með aðgerðum sínum valdið sjúklingum tjóni, einkum taugaveikluðu fólki, sbr. það, sem þeir sjálfir og eitt vitni hafa sagt um „straumtruflanir“. Þá má og við því búast, að sýk-

ingarhætta stafi af eftirlitslausri, en viðtækri starfsemi þeirra, þar eð þeir kunna ekki grein á sjúkdómum sjúklinga þeirra, sem þeir taka til lækninga. Af sömu ástæðum kunna þeir og að valda drætti á því, að sjúklingur, sem bráðrar læknisaðgerðar þarf við, leiti lækni. En tilgangur ofangreindra laga um lækningaleyfi o. fl. er meðal annars sá, að koma í veg fyrir hættur þær, sem nú hafa nefndar verið.

Ekkert er fram komið í málinu, er bendi til þess, að ákærðu hafi haft í frami blekkingar í starfi sínu í því skyni að hafa fé af mönnum. Ber því að sýkna þá af ákæru réttvísinnar fyrir brot á ákvæðum 26. kap. hinna almennu hegningarlaga, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi. Þá má og staðfesta sýknuákvæði héraðsdómsins að því er varðar meint brot ákærðu á ákvæðum 16. gr. fyrrnefndra laga nr. 47 1932, þegar af þeirri ástæðu, að atvik þau, sem þeir eru sakaðir um í því sambandi, þ. e. að taka til meðferðar sjúklinga með næma sjúkdóma, gerðust meira en 2 árum áður en mál þetta var höfðað, og væri sökin því fyrnd, þótt til refsingar hefði verið unnið, þar eð hún hefði ekki orðið þyngri en sektir eða einfalt fangelsi, eins og á stóð, sbr. lögjöfnun frá 67. gr. almennra hegningarlaga.

Með því að stunda framangreinda lækningastarfsemi án lækningaleyfis hafa ákærðu brotið gegn ákvæðum fyrrnefndrar 1. gr. laga nr. 47 1932. Þykir refsing hvors þeirra samkvæmt 18. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektar hvors þeirra, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber hinum ákærðu að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með

talín laun skipaðs talsmanns þeirra í héraði, kr. 60.00 og laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Jóhann Sigurberg Lárusson og Guðmundur Lárusson, greiði hvor um sig 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektar hvors þeirra, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talín laun skipaðs talsmanns þeirra í héraði, Böðvars Bjarkans málflutningsmanns, kr. 60.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Jóns Ásbjörnssonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukabings Skagafjarðarsýslu 14. des. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn bræðrunum Jóhanni Sigurberg Lárussyni og Guðmundi Lárussyni frá Skarði í Skarðshreppi, nú til heimilis í Bólstaðahlíð í Húnavatnssýslu, fyrir brot gegn 26. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum um lækningaleyfi o. fl., nr. 47 23. júní 1932.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Jóhann fæddur 16. febrúar 1908 en Guðmundur 23. apríl 1903 og hefir hvorugur þeirra áður sætt refsingu eða ákæru.

Með bréfi dags. 22. maí 1935 tilkynnti landlæknirinn dómsmálaráðuneytinu um skottulækningastarfsemi, sem

iðkuð hefði verið á Hofsós- og Sauðárkrókslæknishéruðum og héraðslæknarnir þar höfðu tjáð honum frá, og óskaði þess jafnframt, að fyrirskipuð væri lögreglurannsókn út af starfsemi þeirra. Með bréfi dags. 7. júní sama ár fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið réttarrannsókn í máli þessu, og að loknum frumprófum í málinu lagði ráðuneytið svo fyrir með bréfi dags. 15. jan. 1936, að rannsókn skyldi haldið áfram og að henni lokinni skyldi höfða mál gegn ákærðum fyrir brot gegn framangreindum lögum. Eru mála- vextir sem hér greinir, og skal hér fyrst lýst þeim máls- atriðum, sem sameiginlega eiga við um báða hina ákærðu.

1.

Ákærðu telja sig hafa komizt í dulrænt samband við „samfélag framliðinna manna“, er þeir nefna „lækninga- félagið Friðrik“, og sem þeir segja, að starfi að því að veita sjúkum og þjáðum mönnum læknishjálp með guð- legum krafti. Telja ákærðu, að kraftur þessi sé leiddur gegnum sig og aðra milligöngumenn, sem notaðir eru við dullækningar þess háttar, sem þeir hafa lagt stund á. Hefir ákærði Jóhann lýst sambandi þessu svo, að ýmist sjái hann letrað á blað fyrir sér skipanir og ráðleggingar „lækningafélagsins“ eða hann heyri þær, en stundum komi þær fram í huga hans, án þess að um heyrn sé að ræða, heldur eins og hugboð eða hugskeyti. Segist hann þá sjá hina framliðnu lækna hjá sér, er með honum starfa. En báðir lýsa ákærðu starfsaðferð sinni svo, að hún er í því fólgin, að þeir leggja hendur yfir þá, er leita þeirra, og biðja þá jafnframt til guðs um, að hann veiti þeim og nefndu „læknafélagi“ lækningakraft sinn til að bæta úr meinum hins sjúka og veita honum heilbrigði og krafta. Leggja þeir hendur yfir þann stað á líkama hins sjúka, þar sem hann kvartar um að þrautir séu og veila í. Segjast ákærðu skoða sig sem milligöngumenn til að leiða þennan æðri kraft sjúkum mönnum, er þeirra leita, til lækninga. En kraftur þessi, segja ákærðu, að sé skynjaður bæði af þeim sjálfum og sjúklingum, er fyrir honum verða, oftast líkt og rafmagnsstraumur færi um líkamann, og veldur hann stundum hræringum á líkama sjúklinganna. Þá segjast ákærðu geta sent sjúklingum lækningakraft þennan, enda þótt þeir séu í fjarlægð, og kalla þeir það, að vera

í „huglækningasambandi“ við þá, og segja, að það samband sé áunnið með krafti bænarinnar.

Ákærði Jóhann kveðst hafa byrjað á að leggja hendur yfir menn, er hann sjálfur var sjúklingur á Reykjahæli fyrir nokkrum árum. Gerði hann það þá í kyrþey. En lækningastarfsemi hóf hann ekki að neinu ráði fyrr en í marzmánuði 1934. Skýrði hann svo frá, að meðákærði Guðmundur bróðir hans hafi verið „þjálfaður í gegnum sig til þessarar lækningastarfsemi“, því ekki sé hægt að segja, að hann hafi lært af sér, þar sem þeir bræður séu aðeins verkfæri æðri kraftar. En Guðmundur byrjaði að sinna framangreindum „lækningastörfum“ um veturnætur 1934. Störfuðu ákærðu ýmist saman í félagi að „lækningunum“ eða hvor í sínu lagi. Hefir Jóhann starfað í Húnavatns-Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslum og á Siglufirði og Akureyri, en Guðmundur í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og á Siglufirði. Þegar það varð hljóðbært, að ákærðu tóku að leggja stund á umræddar „dullækningar“, leituðu þeirra margir, er freistuðu þess að fá hjá þeim bætur meina sinna. Hafa ákærðu borið, að svo mikil aðsókn hafi orðið að þeim, að þeir hafi hvergi nærri komizt yfir að sinna öllum, sem leituðu til þeirra. En samkvæmt þeim skýrslum, sem þeir hafa gefið réttinum um þetta, hefir ákærði Jóhann lagt hendur yfir 254 menn á tímabilinu frá 24. marz 1934 til 3. október 1935, en ákærði Guðmundur hafi lagt hendur yfir 152 menn þá 212 daga, sem hann kveðst hafa starfað að „dullækningum“, en hann gaf skýrslu sína um þetta 12. nóvember 1935. Hafa þeir báðir játað að hafa haldið áfram lækningastarfsemi síðan.

Ákærðu hafa báðir játað að hafa tekið við gjaldi af sjúklingum sínum og er það einnig upplýst með vitnaframburði, að svo hefir verið. Hafa ákærðu haldið því fram, að þeir hafi aldrei krafizt hærri gjalds en 1 krónu fyrir hverja lækningastund, en hún er venjulega um 20 mínútur. Segjast þeir jafnan hafa miðað endurgjaldið fyrir starf sitt við það tvennt, hvað hlutaðeigandi maður myndi vera fær um að borga og hvern bata hann hafi þózt hafa fengið af lækningatílauninni, því hafi þeir oft ýmist tekið minna gjald af mönnum en að framan getur eða alls ekkert gjald, en hinsvegar hafi margir viljað borga þeim

meira en þeir ætluðust til fyrir ómök þeirra. Báðir hafa þeir synjað fyrir að hafa nokkurn tíma auglýst framan-greinda lækningastarfsemi, en haldið því fram, að þeir hafi ekkert gert til að hvetja menn til að leita lækninga hjá sér og því síður ráðið mönnum frá að leita til venju-legra lækna. Er ekkert upplýst í rannsókn málsins, er hnekki þessum framburði ákærðu, og kemur skýrsla þeirra um gjaldgreiðsluna yfirleitt heim við það, sem á annan hátt er upplýst um þetta í málinu. Halda þeir því fram, að þeir hafi ekki tekið við gjaldi af neinum, er til þeirra leitaði, síðan rannsókn málsins hófst.

Að því er snertir ákærða Jóhann er það upplýst, að hann tók á móti 200 krónum af föður stúlkunnar Sigrúnar Snorradóttur frá Stóru-Gröf. Stúlka þessi leitaði lækninga hjá Jóhanni 9. apríl 1934 og var undir hans hendi samfellt frá þeim degi og til 27. september sama ár. Mikinn hluta þessa tíma dvaldist Jóhann á heimili stúlkunnar og jafnframt því, að hann beitti við hana umræddum „dularlækningum“, gekk hann að vinnu á heimilinu. Hefir faðir stúlkunnar borið, að hann hafi greitt ákærða nefnda fjárhæð ekki einungis sem þóknun fyrir lækningaaðgerðir heldur einnig sem borgun fyrir almenna vinnu.

2.

Frá og með 10.—25. febrúar 1935 dvaldist ákærður Guðmundur Lárusson á Hofsósi. Leituðu þá um 30 manna til hans lækningar. Meðal þeirra voru systkinin Steinunn S. Jónsdóttir og Pétur Jónsson á Þangstöðum við Hofsós. Ákærði beitti við þau lækningaaðferð sinni, er áður er lýst. Hefir Steinunn borið fyrir réttinum, að aðgerðir ákærða hafi haft þær einar verkanir á sig, á meðan á þeim stóð, að hún varð máttfarnari en hún var áður og fékk í sig taugaóstyrk og kippi. Segist hún hafa komið 10 sinnum til ákærða í því skyni að fá hjá honum bót við taugaveiklun, er hún hafði þjáðst af á undanförunum árum. Segist henni svo frá, að er frá leið lækningatilraunum ákærða hafi henni stórversnað krankleikinn, og fékk hún þá krampaköst og var mjög þjáð. Er það skoðun hennar, að lækningatilraunir ákærða hafi verið orsök í því, hve heilsu hennar hnignaði. Ennfremur kennir hún þessum lækningatilraunum ákærða um það, að bræður

hennar Pétur og Þorvaldur urðu veikir, eftir að ákærði fór úr Hofsósi, en játar þó, að Þorvaldur hafi aldrei komið til ákærða. Nefndur Pétur Jónsson hefir borið í málinu, að hann hafi leitað til ákærða 8 sinnum við gigt. Hafi honum stórversnað gigtin við lækningatílaunirnar, og um páskana s. á. varð hann veikur og lagðist í rúmið. Fékk hann þá ósjálfráða taugakippi og vöðvahræringar og kvalir í allan líkamann. Kennir hann áhrifum frá ákærða um þetta. Hann segir og, að enda þótt að Þorvaldur bróðir hans færi aldrei til ákærða, muni þó geðveiki hans hafa stafað frá áhrifum frá ákærða, enda hafi ákærði sagt þeim systkinunum, að hann gæti sent þeim áhrif frá sér, þótt hann væri ekki staddur hjá þeim.

Samkvæmt bréfi héraðslæknisins á Hofsósi til landlæknis dags. 10. maí 1935, sem lagt hefir verið fram í málinu, urðu áður nefnd 3 systkin öll brjáluð með fárra daga millibili, fyrst fyrrnefnd Steinunn og nokkrum dögum seinna bræður hennar, Pétur og Þorvaldur, „á sömu mínútu“. Bar þetta til um páskaleytið, eða m. ö. o. um eða eftir miðjan aprílmánuð 1935. Lýsir lækningirinn sjúkdómi systkinanna svo, að „hjá tveim þessara systkina er um að ræða inducierte Psykose samfara hysteriskum krömpum, en hjá öðrum bróðurnum Schizophrenie með furor“. Heldur lækningirinn svo áfram: „Það virðist engum efa undirorpið, að hin provokerandi orsök til þessa séu hinar svokölluðu huldulækningar, sem maður nokkur hefir practiserað hér í Skagafirði og víðar í vetur.“ Á lækningirinn hér við starfsemi ákærða Guðmundar Lárussonar, sem lýst hefir verið hér að framan. Þau Steinunn og Pétur hafa aftur náð líkri heilsu og þau áður höfðu, en Þorvaldur er ennþá geðveikur.

3.

Rannsókn málsins hefir ennfremur leitt í ljós atvik þau, er nú skal lýst:

Hinn 10. janúar 1935 veiktist stúlkan Þórey Björnsdóttir á Sauðárkróki. Var héraðslæknisins vitjað til hennar 12. s. m. og kom þá í ljós, að hún var veik af heimakomu (Erysipelas) í andliti. Notaði lækningirinn Protesin-efni til lækningar stúlkunni og sagði henni, að sótthitinn, er hún hefði, myndi hækka dálítið í bili eftir innsprautur lyfs-

ins, en eftir það myndi henni fara að batna. En er læk-
nirinn var farinn, lét stúlkan sækja þá ákærðu Jóhann og
Guðmund Lárussyni. Komu þeir til hennar og beittu við
hana lækningaaðferð sinni. Tók nú stúlkunni að batna,
svo að þegar héraðslæknirinn kom næst til hennar á 3ja
degi frá fyrri vitjun hans, þá var hún talsvert betur
haldin en áður. Var ákærði Guðmundur þá hjá henni. Og
er læknirinn hafði orð á að gefa henni aftur sprautu af
nefndu lyfi, þá lagði hún bann við því, en sagði honum,
að hún hefði nú fengið aðra lækna og þyrfti ekki hans
hjálpur við. En stúlkunni hélt áfram að batna og hlaut
fullan bata innan skamms. Ekki hefir komið í ljós, að
nokkur hafi smitast af framangreindum sjúkdómi stúlk-
unnar. Ákærði Guðmundur Lárusson hefir neitað því að
hafa átt nokkurn þátt í að nefnd stúlka hafnaði læknis-
hjálp héraðslæknisins, og báðir hinir ákærðu neita því
eindregið, að þeir hafi nokkurntíma reynt að hafa áhrif
á að sjúklingar, er þeirra leituðu, hættu að leita embættis-
lækna eða annarra löggiltra lækna.

4.

Leitað hefir verið álits héraðslæknanna í Sauðárkróks-
og Hofsóslæknishéruðum um það, hvort og að hve miklu
leyti þeim þætti framangreind starfsemi hinna ákærðu
hættuleg heilbrigði manna. Hefir Sauðárkrókslæknirinn
látið það álit í ljós, að hann teldi „lækningar þessar engin
áhrif hafa, hvorki til ills eða góðs á allflesta, en teldi þó
starfsemina dálítið viðsjála eða varasama í höndum svo
þekkingarsnauðra manna, sem ákærðu væru, að hans álit.“
Getur læknirinn þess, að tveir sjúklingar hafi leitað til
sín, sem þykjast hafa orðið fyrir óþægilegum áhrifum af
starfsemi ákærðu. Er annað þeirra stúlka, sem segist vera
taugaveikluð, og sá læknirinn hana fá krampaflog þeirrar
tegundar, sem kallaðir eru hysteriskir krampar. Af fram-
burði stúlku þessarar kemur það í ljós, að hún telur
krankleika sinn stafa af því, að hún lagði sjálf hendur
yfir ákærða Guðmund, en hinsvegar telur hún sig hafa
haft gott af handayfirlagningu og fyrirbænum hinna
ákærðu — Álit Hofsóslæknisins á starfsemi ákærðu yfir-
leitt er á þá leið, að hún hafi „engin áhrif, hvorki til
góðs eða ills að því er viðvíkur öllum þorra manna, en

aftur á móti tel ég hana mjög skaðlega taugaveikluðu (psykiskt labil) fólki“, segir læknirinn, og vísar til atvika þeirra, sem frá er greint hér að framan undir 2. tölulið. Þess skal getið, að af hálfu talsmanns ákærða hafa verið lögð fram í málinu 34 vottorð manna, sem leitað hafa sér lækninga hjá ákærðum og þykjast hafa fengið meiri og minni bætur meina sinna fyrir þeirra tilverknað.

5.

Í rannsókn málsins hefir ekkert komið í ljós, er gefi til kynna, að ákærðu hafi rekið umrædda starfsemi sína í því skyni að blekkja menn eða að hafa af þeim fé í ábata skyni. Verður að gera ráð fyrir, að þeir hafi starfað í góðri trú á þann lækningakraft, sem þeir þykjast geta miðlað mönnum, er til þeirra leita. Og að því er snertir gjaldtöku þeirra fyrir ómök sín, er á það að líta, að þeir hafa þá aðeins tekið við gjaldi, er þeir álitu gjaldandann bæði fúsan og færan að greiða og að gjaldið er svo lágt, að ekki verður sagt, að þeir hafi haft verulegar tekjur af starfsemi sinni, þannig að fjárhagsvonin hafi getað verið verulegt atriði fyrir þá. Af þessum ástæðum ber að sýkna báða hina ákærðu af ákærinni fyrir brot gegn 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga.

Þá verður að telja það ósannað, að framangreind starfsemi ákærðu hafi valdið mönnum heilsutjóni. Geðveiki áðurnefndra systkina á Þangstöðum við Hofsós kom ekki í ljós fyrr en hérumbil tveimur mánuðum eftir að ákærði Guðmundur Lárusson fór úr Hofsósi. Af nefndum systkinum er það Þorvaldur Jónsson, sem verður verulega geðveikur, en hann leitaði aldrei til ákærða og hafði, svo séð verði, ekkert af starfsemi hans að segja. Að réttarins áliti þykir ekki slíkt samband hafa verið milli starfsemi ákærða og sýkingar nefndra systkina, að auðið sé að gefa ákærða hana að sök, þótt ella væri hægt að lögum.

Eins og áður er lýst, er verknaður sá, sem ákærðu eru sakaðir um í máli þessu, aðeins í því fölginn, að þeir hafa leitað við að veita þeim mönnum, er til þeirra leituðu, bætur meina sinna með því að leggja hendur yfir þá og biðja guð um bata þeim til handa. Hefir hvorugur þeirra notað nokkurt lyf eða beitt öðrum ráðum eða aðferðum. Og ekki er upplýst, að þeir hafi aðhafzt nokkuð til að

aftra því, að þeir, sem til þeirra leituðu, leituðu annarra lækna. Að réttarins áliti er þessum athöfnum hinna ákærðu ekki þannig háttað, að þær verði taldar lækningar í þeirri merkingu, sem ætla verður að leggja beri í hugtakið lækningar í lögum um lækningaleyfi o. fl., nr. 47 1932. Verksaður þeirra varðar því ekki við lög, og ber þá einnig að sýkna þá af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, Böðvars Bjarkan málaflutningsmanns á Akureyri, sem þykja hæfilega ákveðin 60 krónur.

Í rannsóknargerðum málsins hefir verið gerð grein fyrir, hversvegna ekki varð bundinn endi á rannsóknina fyrr en í byrjun nóvember síðastliðins. Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Jóhann Sigurberg Lárusson og Guðmundur Lárusson, eiga að vera sýknir af ákæru réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar á meðal 60 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna ákærðu, Böðvars Bjarkan málaflutningsmanns á Akureyri, greiðist úr ríkissjóði.